

Mál nr. 245/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: slysátrygging launþega.

Slysaugtak vátryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10. ágúst 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 7. september 2022, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 22. júní 2021 hafi M verið að vinna við bifreið hjá vátryggingartaka, hafi haldið á verkfærum og runnið til á gólfinu með þeim afleiðingum að hann fékk hnykk á hálsinn. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að atvikið teljist ekki slys í skilningi skilmála vátryggingarinnar ásamt því að ósannað sé að atvikið hafi yfirhöfuð átt sér stað. M byggir á því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem hafi hlotist af skyndilegum utanaðkomandi atburði í skilningi skilmála slysátryggingar launþega. Hafi því verið um slys að ræða en skv. skilmálunum sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Það að renna sé skyndilegur og utanaðkomandi atburður og það sé fullsannað að tjónsatvikið sem slíkt hafi átt sér stað með vísan til frásagnar hans og lækniskomu.

Í bréfi V kemur fram að með orðinu slys í skilmála vátryggingarinnar sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án hans vilja. Fram kemur að M hafi leitað til læknis 7. júlí 2021 og hann hafi þá sagt að hann hafi verið „að lyfta þyngri hlut og toga og gerðist þá skyndilega, small í einhverju í hálsi og hann hafi fundi fyrir dofa í hægri handjaðri“. Síðar segist hann hafa verið að bera þungan hlut í vinnunni og hafi runnið til. Að lokum komi fram í tilkynningu til Sjúkrátrygginga Íslands að hann hafi verið að vinna undir bíl og verið að skrúfa part við bílinn og notað mikinn kraft til þess að það festist. Því sé ljóst að töluvert ósamræmi sé í frásögn M á tildrögum slyssins. Engin vitni hafi orðið að tildrögum atviksins og það ekki tilkynnt til yfirmanns fyrr en 3. ágúst 2021. Þá sé hugtakið slys ekki skilgreint með sama hætti í skilmálum V og Sjúkrátrygginga Íslands sem túlki hugtakið rýmra. V telur því að slys M hafi orsakast af innri áhrifum en ekki af völdum utanaðkomandi áhrifa, höggs eða sambærilegra atvika sem áskilnaður sé gerður um í skilmála vátryggingarinnar.

Álit.

Í 2. gr. skilmála slysátryggingar launþega hjá V er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Það hvílir á M að sýna fram á að tjónsatburður falli undir bótasvið vátryggingarinnar, þ.e. í þessu tilviki að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum hans.

Gögn málsins bera með sér að lýsingar M á því hvernig slys hans bar að eru ekki samhljóða en í málskoti er lýsingin sú að M hafi runnið til. Fyrsta koma M til læknis var 7. júlí 2021. Þar kemur fram að hann hafi hlotið hnykk á háls og bak í umferðarslysum á árinu 2019 og hafi verið í sjúkrahjálfun en sé orðinn heldur skárri. Þá segist hann hafa verið að lyfta þungum hlut við vinnu sína sem bifvélavirki og toga þá hafi skyndilega smellið í einhverju í hálsi og hann fundið fyrir dofa í hægri handarjaðri og meiri verkjum í hálsi og brjósthrygg. Hvað varðar atvikalýsingu þá verður að byggja á upphaflegri lýsingu M og frumgögnum málsins nema frekari gögn, t.a.m. læknisfræðileg gögn eða framburður vitna, styðji afdráttarlaust við síðar komna atvikalýsingu. Því er ekki til að dreifa í þessu máli. Í upphaflegri atvikalýsingu hjá M verður ráðið að orsök slyssins sé að rekja til innra álags eða veikleika, þ.e. að hann hafi verið að lyfta þungum hlut og þá hafi smellið í einhverju í hálsi, og er ekki að sjá að neinn utanaðkomandi atburður hafi valdið því. Þar af leiðandi fellur líkamstjón hans ekki undir hugtakið slys í slysátryggingu launþega hjá V og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir